

22. febrúar 2016 kl: 19:30



Stjórnarfundur Foreldrafélags Giljaskóla

Mættir: Berglind Bergvinsdóttir, Elín Eyjólfsdóttir, Ellert Guðmundsson, Guðbjörg Björnsdóttir, Ásrún Hersteinsdóttir og Lilja Gísladóttir.

Mál sem tekin voru til umræðu:

1. Kynning á starfi félagsmiðstöðvarinnar. Hlynur Birgisson forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar við Giljaskóla kynnti starf félagsmiðstöðvarinnar og Rósenborgar. Starfsemin er fjölbreytt og flott og býður upp á marga valmöguleika fyrir nemendum skólans. Ákveðið var að kanna hvort Hlynur geti komið og kynnt þetta frábæra starf á Aðalfundi Foreldrafélagsins sem haldinn verður 10. maí n.k.
2. Staða reiknings. Guðbjörg fer yfir stöðu reiknings félagsins. Eins og staðan er núna eru til rúmlega 477.000 kr. Flestir bekkjarfulltrúar eiga þó eftir að taka pening úr sjóðnum. Töluverður fjöldi á eftir að greiða foreldrafélagsgjaldið. Minnt verður á það á næstu vikum.
3. Námsefniskynningar í skólanum. Því er velt upp hvort kennara við skólann ættu að samræma fyrirkomulag námsefniskynninga að hausti. Mjög misjafnt er hvernig að þessu er staðið og hversu mikið er farið í kynningar á námsefni og markmiðum komandi vetrar. Einnig væri gott að gefa foreldrum tækifæri til þess að ræða málin sín á milli á þessum fundum m.a. til að samræma reglur hvað varðar afmælisboð, útvíst og það sem upp kemur hverju sinni hjá hverjum bekk fyrir sig. Einnig er því velt upp hvort þessar kynningar ættu að fara fram á öðrum tíma en skólasetningardaginn þegar börnin eru með. Mögulega væri betra að boða foreldra sérstaklega á svona fund. Gaman væri að heyra álit skólaráðs á þessum þætti.
4. Skólaráð. Ella segir frá því sem rætt var um á síðasta skólaráðsfundi. Þar var m.a. til umfjöllunar skóladagatal næsta skólaárs þ.e. 2016-2017. Leist okkur nokkuð vel á fyrirkomulag þess.
5. SAMTAKA. Næsti stjórnarfundur verður haldinn 14. mars klukkan 17:00 og þá munu fulltrúar SAMTAKA mæta á fundinn og kynna sitt starf fyrir stjórninni.
6. Aðalfundur Foreldrafélagsins og foreldrasamfélagið. Aðalfundur Foreldrafélagsins verður haldinn 10. maí n.k. Í ljósi lélegrar mætingar sl. ár á þessa fundi var rætt um hvaða leiðir við getum farið til að vekja upp áhuga hjá foreldrum barna í Giljaskóla til að mæta á fundinn og láta sig starf félagsins varða. Hvað getum við í foreldrafélaginu gert til að stuðla að meiri samstöðu í foreldrasamfélaginu og hvernig getur skólinn sjálfur hvatt meira til þátttöku og aðkomu foreldra að skólastarfinu? Öll viljum við vinna saman að velferð skólasamfélagsins við Giljaskóla og öll berum við ábyrgð gagnvart því. Hér væri álit skólaráðs á þessu málefni einnig vel þegið.

Næsti fundur verður mánudaginn 14. mars klukkan 17:00.

Fundi slitið kl. 21:00.

Fundarritari: Berglind Bergvinsdóttir